



## 2. Verklagsreglur um flýtingu á upphafi náms við grunnskóla Hafnarfjarðar

Flýting á upphafi grunnskólanáms felur í sér að barn byrji í grunnskóla að hausti þess árs sem það nær 5 ára aldri.

2.1. Foreldrar/forsjáraðilar sækja skriflega um flýtingu á upphafi grunnskólagöngu barns til skólastjóra hverfis grunnskóla barns. Sótt er um flýtingu á því almanaksári sem barnið nær 5 ára aldri, eigi síðar en 1. febrúar (ári áður en grunnskólaganga á að hefjast).

2.2. Skólastjóri grunnskóla óskar skriflega eftir umsögn sérfræðiþjónustu og leikskóla hafi barnið sótt leikskóla, innan viku frá því að umsókn um flýtingu berst.

### Í umsögn sérfræðiþjónustunnar þarf að koma fram:

1. Upplýsingar um ráðgjöf sem sérfræðiþjónustan hefur veitt vegna barnsins.
2. Upplýsingar um aðkomu sérfræðiþjónustunnar að greiningum vegna barnsins sem og greiningar annarra fagaðila og stofnana.
3. Almenn umsögn um þroskastöðu:
  - a. Fæðingardagur: Æskilegt er að barn sé fætt snemma á árinu en það er þó ekki skilyrði.
  - b. Almenn námshæfni: Almenn kunnátta (t.d. lestur, talnaskilningur og fínhreyfingar) þarf að vera mjög góð og helst eins og best gerist hjá börnum einu ári eldri.
  - c. Félagsþroski: Að félagsleg hæfni sé góð, t.d. að barnið eigi auðvelt með að aðlagast öðrum börnum og sé fært um að standa á rétti sínum gagnvart eldri börnum. (Mjög feimin og óframfærin börn geta átt erfitt með að samlagast eldri börnum, fullorðnum og nýjum aðstæðum.)
  - d. Vitsmunaproski: Að frammistaða í vitsmunaproskamati sé há út frá aldursviðmiðum, t.d. að heildartala greindar mælist helst um/yfir 130 á viðurkenndum mælitækjum, s.s WPPSI-R en hann verður að skoðast í samhengi við aðra þætti sömuleiðis.
  - e. Tilfinningaleg staða: Að tilfinningarleg staða sé góð, t.d. að barn sé í góðu tilfinningalegu jafnvægi. Það þarf þá að njóta stuðnings að heiman frá svo það geti staðið undir frekari námskröfum.
  - f. Líkamleg heilsa og þroski: Mat er lagt á líkamlega heilsu og hreyfifærni. Æskilegt er að barnið sé vel þroskað líkamlega og skeri sig ekki úr hópnum. Mikilvægt er að heilsufar sé gott.
4. Sjónarmið starfsfólks leikskóla, t.d. um félagslega stöðu barns og samskipti við börn og fullorðna.
5. Niðurstaða athugunar byggist á þeim vísbendingum sem fram koma í heilstæðu mati og greinargerð.

2.3. Umsögn sérfræðiþjónustu skal berast skólastjóra grunnskóla eigi síðar en tveimur mánuðum frá því að beiðni barst frá skólastjóra. Umsögn er ráðgefandi.

2.4. Skólastjóri grunnskóla tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar um flýtingu að fenginni umsögn sérfræðiþjónustu og tilkynnir foreldrum bréflega innan mánaðar frá því að umsagnir bárust og eigi síðar en 30. apríl.

Möguleiki á flýtingu á upphafi grunnskólanáms er heimild en ekki réttur nemanda og lög um grunnskóla (2008) kveða ekki á um kærheimild foreldra í þessu tilviki skv. 15. og 47. gr. laganna og því er hann ekki til staðar.

Reglur þessar voru staðfestar í fræðsluráði Hafnarfjarðar 23. september 2015

Hafnarfirði 30. september 2015

  
Magnús Baldursson, sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu